

## 1. Almennt

Arctic Sea Farm hf., kt. 280351-3269, Aðalstræti 20, 400 Ísafirði, er með 4.200 tonna rekstrarleyfi (FE-1123 og FE-1084) til sjókvíeldis á laxi og regnbogasilungi í Dýrafirði. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa á laxi í Dýrafirði þann 20. maí 2019.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Dýrafjarðar er metið 10.000 tonn og heimilar áhættumat erfðablöndunar 10.000 tonna hámarkslífmassa af frjóum laxi í firðinum.

Arctic Sea Farm mun stunda kynslóðaskipt sjókvíeldi á laxi á fjórum staðsetningum í Dýrafirði. Sjókvíeldissvæði A innheldur eldissvæðið Gemlufall, sjókvíeldissvæði B inniheldur eldissvæðið Haukadalsbót, sjókvíeldissvæði C inniheldur eldissvæðið Eyrarhlíð, og sjókvíeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skagahlíð.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 8. janúar til 5. febrúar 2021 og sjö athugasemdir bárust vegna tillögunnar

## 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

### 2.1 Inngangur

Arctic Sea Farm lögðu fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar þann 23. apríl 2019 og var álit Skipulagsstofnunar gefið út þann 23. mars 2020.

Í samræmi við 6. gr. a og b er fyrirhuguð útgáfa rekstrarleyfis byggð á áhættumati erfðablöndunar sem staðfest var af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 5. júní 2020 og burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar (gefið út 26. mars 2015). Með því að stunda sjókvíeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila var gerð grein fyrir valkostum. Fjallað var um núllkost, eldi á landi, eldi í lokuðum sjókvíum og notkun á geldlaxi. Arctic Sea Farm kannaði möguleika á mismunandi staðsetningu sjókvíeldis með staðarvalsgreiningu áður en fjögur svæði voru valin m.t.t. hafstrauma, sjávardýpis, aðgengis og fjarlægðar milli eldissvæðanna. Matvælastofnun telur að valkostagreining sé fullnægjandi. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér matsskýrslu fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, niðurstöður álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sem og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu.

Matvælastofnun leitaði upplýsinga hjá Hafrannsóknastofnun varðandi 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi sem fjallar um málsmeðferð umsókna. Þar kemur fram að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um eldi laxfiska er að ræða. Í bréfi frá Hafrannsóknastofnun, dags. 27. október 2020, kemur fram að þekkt sé að lax, urriða og bleikju sé að finna í Sandaá, Haukadalsá og Langá sem eru innan 5 km fjarlægðarmarka frá áðurnefndum eldissvæðum. Hafrannsóknastofnun er ekki kunnugt um að fyrir liggja mat á stærð eða ástandi þessara stofna og ekki sé heldur vitað til að um skráða veiðinýtingu sé að ræða í þessum ám.

## 2.2 Eðliseiginleikar sjávar

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að áhrif á súrefnisstyrk og magn næringarefna í sjó geti orðið nokkuð neikvæð á staðbundum svæðum innan Dýrafjarðar með tilkomu aukins eldis Arctic Sea Farm. Mælingar Hafrannsóknastofnunar sýna að fjörðurinn sé vel blandaður allan ársins hring auk þess sem áætlað eldismagn rúmist innan burðarþolsmats fjarðarins. Matvælastofnun telur að hafstraumar og þynningaráhrif af þeirra völdum geri það að verkum að óverulegar líkur séu á staðbundinni ofauðgun sjávar en með vöktun samkvæmt vöktunaráætlun Umhverfisstofnunar sé áhættan takmörkuð enda hægt að bregðast skjótt við, m.a. með minnkaðri fóðrun eða hún stöðvuð tímabundið. Áhrifin verði því tímabundin og afturkræf.

## 2.3 Botndýralíf

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að með tilliti til reynslu af fiskeldi á Íslandi sem og í öðrum löndum sem stunda umfangsmikið fiskeldi telji stofnunin að eldið eigi eftir að hafa talsverð umhverfisáhrif á botndýralíf undir sjókvíum en að með nægilegri hvíld eldissvæða og tilfærslu þeirra muni áhrifin verða afturkræf að mestu. Matvælastofnun telur mikilvægt að eldissvæði séu hvíld milli eldislota samkvæmt starfsleyfi Umhverfisstofnunar ásamt því að tilhögun eldis verði stýrt af raunástandi botndýralífs.

## 2.4 Sjúkdómar

Skipulagsstofnun álitur litlar líkur séu á að fyrirhuguð eldisaukning Arctic Sea Farm komi til með að smita villta laxfiska og telur stofnunin að áhrif framkvæmdar á villta fiska með tillit til sjúkdóma séu óverleg. Matvælastofnun álitur að mesta áhættan vegna dreifingu fisksjúkdóma sé bundin við smitdreifingu með eldisbúnaði og flutningi á smituðum eldisfiski en bendir jafnframt á að þar séu aðrir eldisfiskar í mestri hættu. Stofnunin telur því að litlar líkur séu á að fyrirhuguð eldisaukning Arctic Sea Farm komi til með að smita villta laxfiska.

## 2.5 Laxalús

Það er mat Skipulagsstofnunar að fyrirhugað eldi geti orðið nokkuð neikvæð á villta laxfiskastofna í firðinum og bendir stofnunin á að með hliðsjón af því hversu langt lifur laxalúsar geta rekið að fyrirhugað eldi komi til með að hafa neikvæð samlegðaráhrif með öðru núverandi og áformuðu eldi á Vestfjörðum. Að auki telur Skipulagsstofnun að setja þurfi skilyrði um vöktun vegna laxalúsar og fiskilúsar í samræmi við drög að leiðbeiningum um lúsatalningu frá Matvælastofnun og að niðurstöður vöktunar verði opinberar. Það er mat Matvælastofnunar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Reynslan hefur einnig sýnt það að sjávarhiti á Vestfjörðum að vori er mjög óhentugur fyrir viðkomu laxalúsar og það dregur úr líkum á því að útgönguseiði verði fyrir neikvæðum áhrifum á leið sinni til sjávar. Hvað varðar vöktun laxalúsar og fiskilúsar kemur fram í 49. gr. reglugerðar nr. 540/200 um fiskeldi að innra eftirlit sjókvíaeldistöðvar skuli m.a. fela í sér vöktun á viðkomu sníkjudýra í eldinu í samræmi við leiðbeiningar sem koma fram í viðauka. Niðurstöður vöktunar skulu sendar Matvælastofnun sem metur hvort og þá hvaða aðgerða er þörf vegna sníkjudýra í eldinu. Matvælastofnun skal leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar áður en ákvörðun um aðgerðir er tekin. Niðurstöður vöktunar eru birtar opinberlega í Mælaborði fiskeldis á vef Matvælastofnunar.

## 2.5 Erfðablöndun

Í álitum Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin telji að fyrirhugað eldi Arctic Sea Farm komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á villta laxastofna á Vestfjörðum. Skipulagsstofnun telur að samlegðaráhrif eldis Arctic Sea Farm í Dýrafirði og annars eldis á Vestfjörðum, sem verður ekki umfangsmeira en áhættumat segir til um, verði óveruleg á þær ár sem áhættumatið tekur tillit til en sé horft til allra laxastofna á Vestfjörðum telur Skipulagsstofnun að samlegðaráhrifin verði talsvert neikvæð. Þegar litið er til samlegðaráhrifa þá er burðarþol á Vestfjörðum 82.500 tonn og áhættumat erfðablöndunar 64.500 tonn. Útgefin rekstrarleyfi í sjókvíaeldi á Vestfjörðum eru fyrir 49.900 tonnum þar af 35.700 tonn af frjóum lax. Umsóknir liggja fyrir eldi á 40.900 tonnum af laxi.

Þá telur Skipulagsstofnun að setja skilyrðum að ekki verði sett út seiði undir 120 g að þyngd og að stærð netmöskva verði aðlagð að stærð seiðanna svo ekki sé möguleiki á að þau sleppi.

Við útgáfu rekstrarleyfisins er notast við áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan áhættumats, sem og að notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra. Í áhættumatinu er fjallað um lágmarksstærð seiða varðandi mótvægisáðgerðir sem eru til þess fallnar að minnka áhættu á erfðablöndun. Þannig segir „1. Lágmarksstærð seiða: Tekin er upp tillaga SFS að grunnverklagi fiskeldisfyrirtækja („Seiði verða alin til að vera stærri við útsetningu í sjókvíar. Lágmarksþyngd einstakra seiða verði 45 g; smærri seiði verði fjarlægð við bólusetningu. Möskvastærð í sjókvíum verði í samræmi við stærð útsetningarseiða til að koma í veg fyrir seiðasmug, sbr. meðfylgjandi töflu úr norskri rannsókn“). Stærðardreifing seiða skal vera þekkt áður en flutningur fer fram. Lágmarksstærð sérhvers seiðis skal aldrei vera undir 60 g. Ný eldisseiði skulu aldrei sett í nekpoka með stærri möskva en 18 mm legg (1/2 möskvi).“ Í svörum við ráðleggingum samráðsnefndar segir: „Því var endurkomustuðull snemmbúinna seiða endurskoðaður og m.t.t. varúðarsjónarmiða hafður 1,3% sem er tvöfalt hærri stuðull en gögn Skilbreytingu o.fl. (2015) benda til. Taka þarf fram að grunnverklag SFS verði tilgreint í leyfisveitingum, samanber 1. tölulið beinna mótvægisáðgerða rekstraraðila.“ Framangreint er í samræmi við tillæmi Hafrannsóknastofnunar frá 2. júlí 2018 þar sem stofnunin beindi því til Matvælastofnunar að sett yrði viðbótarskilyrði í rekstrarleyfi til að draga úr áhættu á villta laxastofna. Tillæmin sneru m.a. að því að möskvastærð við útsetningu seiða í sjókvíaeldi yrði að hámarki 18 mm og að útsetning seiða yrði undir 56 g væri óheimil.

Í matsskýrslu er þess getið að seiðin verði alin í um 150 g að meðaltali (gætu verið á bilinu frá 120 g til 600 g). Í kafla 5.4.3.6 er fjallað um niðurstöðu varðandi bein áhrif á erfðamengi villtra laxastofna. Í heildina eru þessi áhrif metin óveruleg og afturkræf. Í töflu 5 – 9 Vöktunarþættir og áhætta vegna slysasleppinga og mögulegar mótvægisáðgerðir, segir um eldisfisk og áhættu varðandi möskvaslug: „Stærðardreifing seiða skal vera þekkt áður en flutningur fer fram. Lágmarksstærð sérhvers seiðis skal aldrei vera minni en 60 g. Ný eldisseiði skulu aldrei sett í netpoka með stærri möskva en 18 mm legg (1/2 möskvi).“ Eins og áður segir notast Matvælastofnun við áhættumat Hafrannsóknastofnunar og hefur frá því tillæmum um lágmarksstærðir voru sett fram notast við 56 g lágmarksstærð seiða í skilyrðum rekstrarleyfa. Stofnunin telur miðað við fyrirliggjandi gögn að ekki sé tilefni til að víkja frá samræmdum leyfisskilyrðum og því sé rétt að víkja frá álitinu varðandi 120 g lágmarksstærð seiða. Til að gæta fyllsta samræmis við áhættumatið mun í rekstrarleyfinu vera kveðið á um seiði verði að lágmarki 60 g við útsetningu.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis þó þannig að ávallt verði þess gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að nýtingu þeirra sé ekki ekki stefnt í hættu. Í löggjöf um fiskeldi hefur verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Markmið laganna er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi og til verndunar á villtum laxastofnum friðað tiltekin svæði og bannað eldi laxfiska í sjókvíum sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsingu nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Dýrafjörður.

## 2.6 Landslag, ásýnd, ferðapjónusta og útivist

Skipulagsstofnun telur að megin áhrif framkvæmdarinnar á ferðamenn verði á upplifun þeirra en sjókvíar eru umfangsmikil mannvirki og kvíar í sjó koma til með að breyta ásýnd fjarða og ímynd um lítt eða ósnortna náttúru. Stofnunin telur því að áhrif á ásýnd verði nokkuð neikvæð en afturkræf ef eldi verði hætt í firðinum því þá muni

mannvirki vera fjarlægð. Arctic Sea Farm er með rekstrarleyfi fyrir 4.000 tonna sjókvíaeldi í Dýrafirði og með útgáfu þessa rekstrarleyfis verður leyfi fyrir allt að 10.000 tonna hámarkslífmassa. Áhrif framkvæmdarinnar verður mest yst í firðinum en þar bætist við nýtt eldissvæði sem mun ekki sjást frá þjóðveginum í gegnum fjörðinn. Eldissvæði innar í firðinum stækka og gera má ráð fyrir auknum fjölda kvía í kvíarstæðum miðað við núverandi stöðu. Matvælastofnun telur því að framkvæmdin muni vera nokkuð neikvæð en tímabundin og afturkræf. Það er hins vegar pólitísk ákvörðun að leyfa sjókvíaeldi við Íslandsstrendur m.a. til að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu slíks eldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Sjókvíaeldi takmarkast samkvæmt, auglýsingu 460/2004 um friðunarsvæði, við ákveðin svæði á landinu þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er heimilt og er umrætt svæði á Vestfjörðum innan þeirra marka. Ljóst er að mati stofnunarinnar að framkvæmdirnar eru afturkræfar hvað varðar ásynd.

## 2.7 Aðrir umhverfispættir

Ljóst er að með stækkun núverandi eldis við Gemlufall og Haukadalsbót ásamt því að bæta við nýju svæði við Skagahlíð takamarkast möguleiki annarra, t.d. ferðaþjónustuaðila og sjómanna, til að nýta sér hafsvæðin umfram það sem nú er. Þar sem um er að ræða kynslóðaskipt eldi þar sem eldissvæðin eru hvíld til skiptis verða áhrifin breytileg eftir því hvaða eldissvæði verða í notkun og staðsetningu eldiskvía innan eldissvæðanna hverju sinni. Eldissvæðinu við Gemlufall hefur verið breytt á þann hátt að það er nú utan áhrifasvæðis Æðavarsins á Höfðaodda á nokkurs vafa.

## 3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Ísafjarðarbæjar þann 27. mars 2020.

Ísafjarðarbær veitti umsögn þann 16. apríl 2020 og gerði Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfisins.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar, dags. 22. apríl 2020, kemur fram að stofnunin telji að setja þurfi skilyrði og viðmið vegna ýmissa þátta.

Matvælastofnun fer eftir 55. gr., viðauka II ( framleiðsluskýrsla ) og viðauka VI (leiðbeiningar um vöktun á viðkomu sníkjudýra í sjókvíaeldi) í reglugerð nr.540/2020, en þar er nákvæmlega tilgreint hvaða upplýsingar fiskeldisfyrirtækjum ber að senda stofnuninni og hve oft. Jafnframt er kveðið á um það í 3. mgr. 56. gr. sömu reglugerðar að Matvælastofnun skuli birta opinberlega á vefsíðu sinni samantekt upplýsinga úr framleiðsluskýrslum rekstrarleyfishafa. Þessar upplýsingar eru nú birtar í mælaborði fiskeldis sem er á vefsíðu Matvælastofnunar.

Umsögn barst ekki frá Fiskistofu.

## 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun bárust athugasemdir frá sjö aðilum á auglýsingartíma. Athugasemdirnar voru frá Reyni Ásgeirssyni, Baldri Gunnarssyni, Gunnars Baldurssonar, Júlíu Leví Baldursdóttur, Arnbjörgu Önnu Guðmundsdóttur, Guðný Maríu Guðmundsdóttur, Guðjóni Rúdolfi Guðmundssyni og Guðmundi Gils Guðmundssyni eigendum Arnarness í Mýrarhreppi. Ástu Valdimarsdóttur, Gunnhildi Valdimarsdóttur, Raket Valdimarsdóttur, Hólmfríði Valdimarsdóttur, Kristni Valdimarssyni, Jensínu Valdimarsdóttur, Ólöfu Guðný Valdimarsdóttur, Sigríði Jónínu Valdimarsdóttur og Viktoríu Valdimarsdóttur 50% eigendum jarðanna Núpur Fjallaskagi í Dýrafirði og 43,75% eigindum jarðarinnar Birnustaða í Dýrafirði. Nicole Sühning fyrir hönd The Westfjord surfers. Jón Kaldal fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund. Magnúsi Viðari Helgasyni og Stellu Hauksdóttir, Gerðhömrum í Dýrafirði. Elías Blöndal Guðjónsson fyrir hönd Landssambands veiðifélaga. Óttari Yngvasyni fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Veiðifélags Laxár á Ásum, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í Ísafjarðardjúpi, Geiteyrar ehf. og Akurholts ehf., veiðiréttarhafa í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel,

eiganda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadalsá og Víðis Hólm Guðbjartssonar, eiganda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadalsá.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr erindi ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram og tilheyra verkswiði Matvælastofnunar.

### **Landeigendur Arnarness í Mýrarhreppi sendu inn athugasemdir þann 9. mars 2021**

- *Gerð er athugasemd við að eigendum Arnarness skuli ekki hafa verið tilkynnt með sannanlegum hætti að áform væru uppi hjá Arctic Sea Farm um að hefja eldi á laxi fjöruborðinu á Arnarnesi í Dýrafirði.*
- *Gerð er athugasemd um að fjarlægð milli kvíastæða verði langt innan viðmiðunarmarka sem reglugerð um fiskeldi kveður á um og tilheyrandi erfiðleika sem slíkt geti valdið m.t.t. aukinna sjúkdóma og lúsaútbreiðslu, ásamt ónægri dýpt sem gæti valdið aukinni uppsöfnun úrgangs.*
- *Gerð er athugasemd við úrgangsslosun fyrirhugaðs fiskeldis í firðinum, brot á starfsleyfi sitt t.d. með notkun ólöglegra eiturefna sem innihalda koparoxíð til litunar á eldisnótum, of miklum þéttleika á laxi í kvíum, of mikilli notkun fosfórs og vanrækslu á sjósýnatöku sem kveðið er á um í vöktunaráætlun.*

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og lagði fyrirtækið matskýrslu fram 23. apríl 2019 og óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt þann 23. mars 2020.

Úrgangsslosun, vöktunaráætlun og starfsleyfi fellur undir Umhverfisstofnun.

Það er mat stofnunarinnar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hættu á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hættu á lúsasmiti hverfandi.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fóðri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísu lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiðbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst.

Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð 540/2020 og telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Matvælastofnun gerir kröfu um að eldisbúnaður sé staðsettur innan eldissvæða sem úthlutað verða við útgáfu rekstrarleyfis. Mismunandi er hversu mikinn fjölda fiska fyrirtæki setja út og eru eldiseiningar í samræmi við umfang fisks sem er útsettur á hverju ári og mun fylgja hverju eldissvæði stöðvarskírteini sem útlistar uppsetningu búnaðar og rúmmál eldiseininga skv. kröfum í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Framkvæmd Arctic Sea Farm, sem gerir ráð fyrir umræddum eldissvæðum, hefur farið í gegnum umhverfismat skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og grundvallast ákvörðun Matvælastofnunar um útgáfu rekstrarleyfisins m.a. á því mati.

### **50% eigendur jarðanna Núpur og Fjallaskaga í Dýrafirði og 43,75% eigendur jarðarinnar Birnustaðir í Dýrafirði sendu inn athugasemd þann 8. febrúar 2021**

- *Gerð er athugasemd við að eldissvæðið Skagahlíð nái inn á netlög norðan megin í Dýrafirði þar sem Arnarnesi (Gerðhamraá) rennur í sjó fram. Jafnframt er bent á að Núpur, Birnustaðir og Fjallaskagi (Skagahlíðar) eigi töluvert svæði út í fjörðinn.*
- *Gerð er athugasemd við að fyrirhuguð ný eldissvæði munu rýra verðmæti jarða við Dýrafjörð.*

- Gerð er athugasemd við að ásýnd og ímynd náttúrunnar í Dýrafirði spillist enda sé fjöldi eldiskvía með tilheyrandi umhverfismengun með minnst 80-100 eldiskvíar á 1170 ha af hafsvæði þegar eldið er fullnýtt.
- Gerð er athugasemd við að sölvassvæði í Dýrafirði séu í hættu en sölin spillist af mengun frá fiskeldinu og verði óætt. Sölin baðist í lúsaeitri og erfðabreyttu fóðri og jafnvel kadmíum þungmálm. Jafnframt er áhyggjum lýst af smádyrum vegna lúsaeiturs sem haldið er fram að drepi lifur krabbadyra og fleiri smádyr í 30 km fjarlægð.

Eldissvæðinu við Skagahlíð hefur verið breytt á þann hátt að það sé nú utan netlaga á nokkurs vafa. Ný hnit eru birt í rekstrarleyfi fyrirtækisins.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfissskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t Dýrafjörður.

Áhrif lúsalyfja á þang og þara, þar með talin rauðþörunginn söl, eru talin mjög lítil, þar sem lyfin eru þess eðlis að hafa fyrst og fremst áhrif á lífeðlisfræðilega ferla í krabbadyrum líkt og lúsum.

## The Westfjord surfers sendu inn athugasemd þann 7. febrúar 2021

- Gerð er athugasemd við að mælingar Hafrannsóknarstofnunar séu síðan 2017 og því ættu þær að vera úreltar. Farið er fram á að mælingar á burðarþoli verði endurteknar.
- Fullyrt er að með auknu umfangi fiskeldis muni fuglum, selum og hvölum stafa hættu af eldiskvíum.
- Fullyrt er að með stækkun eldissvæða í Dýrafirði verði útilokað að byggja upp ferðamennsku tengda sjósporti.
- Fullyrt er að bændur og heimamenn verði fyrir verulegum truflunum vegna ljósagangs frá eldissvæðum.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfissskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn

greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Dýrafjörður.

### **Ábúandi og eigandi jarðarinnar Gerðhamrar í Dýrafirði sendu inn athugasemd þann inn 3. febrúar 2021**

- *Fullyrða að SA endi eldissvæðisins Skagahlíð sé innan netalaga.*
- *Gera athugasemd við að eldisbúnaður muni rýra virði eignarinnar Gerðhamra*
- *Gera athugasemd við að eldisbúnaður spilli ásýnd og ímynd náttúrunnar í Dýrafirði*
- *Gera athugasemd við að sól spillast af mengun frá fiskeldinu og verði óætt.*
- *Gera athugasemd við að notkun á lúsalyfjum mengi lífríki verulega og að það dreifist í 5 til 15 km radius frá áhrifasvæði sínu*
- *Fullyrt er að með stækkun eldissvæða í Dýrafirði verði útilokað að byggja upp ferðamennsku tengda sjósportum.*

Eldissvæðinu við Skagahlíð hefur verið breytt á þann hátt að það sé nú utan netlaga á nokkurs vafa. Ný hnit eru birt í rekstrarleyfi fyrirtækisins.

Lúsalyf til böðunar dreifast og þynnast hratt við náttúrulegar aðstæður. Lúsalyf sem gefin eru með fódri helmingast í takt við sjávarhita og niðurbrot fóðurs og úrgangs. Dýralæknar sem ávísa lyfjunum bera höfuðábyrgð á notkun þeirra og í notkunarleiðbeiningum framleiðenda er vel fjallað um umhverfisáhrif og hvernig best sé að haga notkun lyfjanna svo áhrif á umhverfi verði sem minnst.

Hafrannsóknastofnun hefur aðalumsjón með rannsóknnum á lífríki vatns og sjávar og hefur tvo fulltrúa í Fisksjúkdómanefnd sem er Matvælastofnun til ráðgjafar um aðgerðir gegn laxalús. Hafrannsóknastofnun er einnig umsagnaraðili um aðgerðir gegn laxalús í samræmi við reglugerð 540/2020 og telur Matvælastofnun að þessi aðkoma tryggi að lyfjanotkun sé aðeins gerð á hentugum árstíma og að teknu tilliti til aðstæðna í sjó hverju sinni.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfissskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Dýrafjörður.

## **Icelandic Wildlife Fund sendi inn athugasemd þann 5. febrúar 2021**

- *Gera athugasemd við rekstur Arctic Sea Farm í Dýrafirði undanfarin ár.*
- *Fara fram á að áhættumat fyrir Dýrafjörð verði endurskoðað með tilliti til minni laxastofna*
- *Fara fram á að Hafrannsóknarstofnun geri áhættumat vegna laxa- og fiskilúsar*
- *Fara fram á að vöktun sleppifiska úr sjókvíaeldi verði bætt verulega*
- *Fara fram á að stjórnvöld setji reglur sem verji lífríkið fyrir lús og meðhöndlun á henni.*

Það er mat stofnunarinnar að áhrif laxalúsasmits á villta laxfiska séu að öllu jöfnu ekki mikil. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska af völdum laxalúsar þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskvía frá útgöngustöðum seiða. Miðað við staðsetningar þeirra sjókvíaeldissvæða sem hér eru til umfjöllunar er hætta á lúsasmiti hverfandi.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna, enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Dýrafjörður.

## **Landsamband veiðifélaga sendu inn athugasemdir þann 4. febrúar 2021**

- *Gerð er athugasemd við burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar og tiltaka sértaklega að það hafi ekki farið í umhverfismat.*
- *Gerð er athugasemd við að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið miðað við 120-600 gr. seiði en rekstrarleyfið miðist við 56 gr. seiði. Hafi því ekki farið fram raunverulegt umhverfismat á þeirri framkvæmd sem leyfi á að veita fyrir.*
- *Gerð er athugasemd um að útgáfa rekstrarleyfisins brjóti gegn ákvæði 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd vegna þeirrar óvissu sem er um notkun ófrjós lax, um útbreiðslu laxalúsar, hvað sleppa margir laxar og hvernig þeir blandast villtum laxi.*



**Óttar Yngvason sendi inn athugasemdir þann 5. febrúar 2021 fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Veidifélags Laxár á Ásum, Atla Árdal Ólafssonar, eiganda hluta veiðiréttar í Hvannadalsá, Langadalsá og Þverá í Ísafjarðardjúpi, Geiteyrar ehf. og Akurholts ehf., veiðiréttarhafa í Haffjarðará í Hnappadal, Ara P. Wendel, eiganda Kirkjubóls í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Fífustaðadalsá og Víðis Hólm Guðbjartssonar, eiganda Grænuhlíðar í Arnarfirði og veiðiréttarhafa í Bakkadalsá. Athugasemdin var send inn.**

- Gerð er athugasemd um að umsókn um rekstrarleyfi hafi ekki fylgt auglýstri tillögu.
- Gerð er athugasemd við að hinni auglýstu tillögu hafi ekki fylgt þær forsendur sem efni hennar er reist á.
- Gerð er athugasemd um að við útgáfu fyrirhugaðs rekstrarleyfis sé ekki háð úthlutun skv. 4. gr. a. laga nr. 71/2008 eins og þeim var breytt með breytingarlögum nr. 101/2019 en aftur á móti sé ljóst að tillagan gerir ráð fyrir 16 ára hámark leyfistíma skv. 1. mgr. 10. gr. laga eins og henni var breytt með sömu lögum en ekki 10 ára hámark skv. sama ákvæði fyrir þessar breytingar. Því er gerð athugasemd við að tillagan sé ekki reist á einum og sama lagagrundvellingum heldur viðist efni hennar byggt á lögum nr. 71/2008 eins og þau voru bæði fyrir og eftir breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 101/2019.
- Gerir athugasemd við að auglýst tillaga sé ekki í samræmi við álit Skipulagsstofnunnar og hafi tillagan m.a. ekki að geyma efnisleg skilyrði um vöktun laxalúsar og fiskilúsar. Jafnframt að 56 g. lágmarksstærð seiða samkvæmt tillögunni sé einungis tæplega helmingur þess 120 g. lágmarks sem nefnt er í álitinu.
- Gerð er athugasemd við að matsskýrsla umsækjanda hafi ekki verið fullnægjandi.
- Gerð er athugasemd við að álit Skipulagsstofnunnar hafi ekki verið fullnægjandi.
- Gerð er athugasemd við að burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunnar hafi ekki verið fullnægjandi.

Matvælastofnun vann tillögu að rekstrarleyfi og auglýsti hana ásamt matsskýrslu skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Um aðgengi að gögnum málsins fer eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012.

Útgáfa leyfisins byggir á lögum nr. 71/2008 með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lögum, þ.m.t. lagaskilaákvæðum. Útgáfan leyfisins er í samræmi við bráðabirgðaákvæði laganna, sbr. b – liður 24. gr. laga nr. 101/2019 og almennar lagaskilareglur. Skilyrði og þær skyldur sem fyrirtækið þarf að uppfylla við starfsemi eldisins og efnisákvæði rekstrarleyfisins eru því byggð á ákvæðum laganna eins og þeim var breytt með lögum nr. 101/2019.

Með burðarþolsmati er skv. lögum nr. 71/2008 átt við mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett eru fyrir það skv. lögum um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats er að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi. Með lögum nr. 101/2019, sem tóku að meginstefnu gildi 19. júlí 2019 voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 71/2008 að ráðherra ákveður hvaða firði eða hafsvæði skuli meta til burðarþols og hvenær það skuli gert og skal matið framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar. Matvælastofnun skal hafna útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis sem felur í sér meiri framleiðslu en viðkomandi sjókvíaeldisvæði þolir samkvæmt burðarþolsmati. Burðarþolsmatið er þannig vísindaleg nálgun til að meta þol fjarða og hafsvæða til að taka á móti lífrænu álagi án þess að hafi óæskileg áhrif á lífríki. Burðarþolsmatið er lifandi plagg, þ.e. matið byggir á aðstæðum hverju sinni og þarf nákvæm vöktun að fara fram á áhrifum eldisins samhliða því. Vöktunin er forsenda fyrir endurmati á burðarþoli viðkomandi svæðis til hækkunar eða lækkunar þegar fram líða stundir og byggir á raungögnum sem fást þegar eldið er komið á stað og hvernig samspil þess er við aðstæður á hverjum stað. Stofnunin telur að þessum sökum að burðarþolsmatið falli ekki undir lög nr. 105/2006.

Matvælastofnun hefur með hliðsjón af áhættumati og tilmælum Hafrannsóknastofnunar sett viðbótarskilyrði um mótvægisáðgerðir til að draga úr áhættu fyrir villta laxastofna, þ.e. annars vegar að draga úr áhættu á stroki útsettra seiða með því að samstillta möskvastærð nótarþoka og lágmarksstærð útsettra seiða. Hins vegar áðgerðir til að seinka kynþroska laxa í sjókvíum með ljósastýringu og þannig draga úr áhættu vegna laxa sem kunna að sleppa.

Við afgreiðslu á umsókn Arctic Sea Farm vegna 10.000 tonn af laxi liggur fyrir umhverfismat, sbr. lög nr. 106/2000, og hefur Matvælastofnun kynnt sér og tekið rökstudda afstöðu til matsins og álits Skipulagsstofnunar auk annarra gagna sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins. Fyrir liggur hvaða áhrif ákvörðunin um leyfisveitinguna hefur á náttúruna,

enda er það tilgangur laga nr. 106/2000 og matsins sem unnið er skv. þeim lögum að upplýsa um áhrifin. Af þessum sökum telur stofnunin að ekki skorti vísindalega þekkingu um áhrif framkvæmdarinnar til að taka ákvörðun um útgáfu leyfisins, né að nokkuð hafi komið fram sem hindri útgáfu þess eða bendi til að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu alvarleg eða óafturkræf.

Þrátt fyrir að fiskeldi geti haft í för með sér ákveðna áhættu hefur verið tekin sú pólitíska ákvörðun um að leyfa fiskeldi í sjó hérlendis. Jafnframt hefur í löggjöf verið tekið tillit til sjónarmiða til að takmarka þá áhættu sem kann að stafa af fiskeldi. Sett hafa verið lög um fiskeldi, en markmið þeirra er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Við framkvæmd þeirra skal leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná markmiðum löggjafarinnar skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó, þá er í lögunum kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, sjá auglýsing nr. 460/2004. Vestfirðir og Austurland falla utan þessara friðunarsvæða skv. auglýsingunni, þ.m.t. Dýrafjörður.

## 5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Arctic Sea Farm ehf. í Dýrafirði. Rekstrarleyfið heimilar 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Dýrafirði. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíeldis í Dýrafirði á fjórum staðsetningum. Sjókvíaeldissvæði A innheldur eldissvæðið Gemlufall, sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðið Haukadalsbót, sjókvíaeldissvæði C inniheldur eldissvæðið Eyrarhlíð og sjókvíaeldissvæði D inniheldur eldissvæðið Skagahlíð.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis sjókvíaeldisstöðvar er háð því skilyrði að rekstrarleyfishafi skili inn stöðvaskirteini útgefnu af faggiltri skoðunarstofu fyrir hverja einstaka starfsstöð áður en rekstur hefst.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 4.000 tonna rekstrarleyfi FE-1123 og 200t tonn FE-1084 úr gildi. Þá afhendir stofnunin jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til XX. XX 2037.

Selfossi, 7. maí 2021